

Fimmtudaginn 18. ágúst 1994.

Nr. 354/1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Unnari Sigurði Hansen

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. ágúst 1994, sem barst réttinum 16. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar. Af hálfu varnaraðila er fallið frá kröfu, sem gerð var í héraði, að í stað gæsluvarðhalds yrði varnaraðili vistaður á sjúkrahúsi eða viðeigandi stofnun.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og skírskotað til a-, b- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, er varnaraðili undir rökstuddum grun um aðild að innbrotum á Dalvík 10. ágúst sl., og á frumstigi er rannsókn vegna ætlaðrar aðildar hans að fjársvikum. Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð skýrsla Rannsóknarlögreglu ríkisins frá 15. þessa mánaðar, þar sem vitnað er í upplýsingar tveggja danskra lögreglumanna, sem hér voru á ferð til að yfirheyra varnaraðila og fleiri vegna innbrota þar í landi. Þar kom og fram, að varnaraðila var nýlega vísað úr landi í Danmörku til þriggja ára. Væntanlegar eru þaðan ákærur, þar sem varnaraðila eru gefin að sök brot á fíkniefnalögum, rangar sakargiftir og hylming. Einnig eru þar í rannsókn mál varðandi ætlaða hlutdeild hans í innbrotum.

Að þessu athuguðu þykja vera fyrir hendi skilyrði a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til frekara gæsluvarðhalds varnaraðila, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. ágúst 1994.

Ár 1994, mánudaginn 15. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Unnari Sigurði Hansen, kt. 170966-4659, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 29. september nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot hans gegn 244. gr., 155. gr., 248. gr. og 254. gr. o. fl. gr. laga nr. 19/1940. Vísað er til a-, b- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til stuðnings kröfunni. Hinn 11. ágúst sl. var kærði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til dagsins í dag með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Kærði er grunaður um aðild að þremur innbrotum á Dalvík aðfaranótt 10. ágúst sl.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 12. ágúst sl. kvaðst kærði ekki muna eftir innbrotunum á Dalvík, en vel gæti verið, að hann hefði brotist þar inn. Við fyrirtöku málsins hér fyrir dómi fyrr í dag kvaðst kærði hafa verið undir áhrifum fíkniefna þessa nótt, og því gæti hann hvorki játað né neitað að hafa brotist inn á Dalvík.

Hinn 9. ágúst sl. var kærði ásamt öðrum kærður fyrir fjársvik vegna sex innstæðulausra tékka, að fjárhæð 85.450 krónur, og er kærði hinn eini, sem hefur þegar verið yfirheyrður vegna málsins.

Rannsókn þessa máls er á frumstigi, og þykir rannsóknarlögreglunni því veruleg hættu á, að hinn grunaði muni torvelda rannsókn með því að hafa áhrif á vitni eða samseka.

Þá er gæsluvarðhaldskrafan einnig byggð á því, að kærði hafi linnulítið stundað afbrot frá árinu 1985 og alls hlotið 23 dóma á því tímabili, og féll hinn síðasti 17. maí sl. Hinn 7. desember 1993 hafi kærði fengið reynslu- lausn í tvö ár, en rofið hana og eftirstöðvar refsingarinnar teknar með í dómnum frá því í vor. Þeim dómi hafi kærði áfrýjað, og því hafi ekki verið unnt að láta hann hefja afplánun. Með hliðsjón af afbrotaferli kærða megi því atla, að hann muni halda áfram brotum, verði hann látinn laus, áður en málum hans er lokið.

Við fyrirtöku málsins í dag gerði verjandi kærða þá kröfu, að í stað gæsluvarðhalds yrði kærði vistaður á sjúkrahúsi eða viðeigandi stofnun með vísan til 110. gr. laga nr. 19/1991. Engin gögn liggja fyrir í málinu um það, að kærða standi slík vistun til boða, og verður því ekki fallist á þessa kröfu.

Ljóst er af framansögðu, að rökstuddur grunur er um, að kærði hafi

framið brot gegn 244. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, og með hliðsjón af afbrotaferli kærða, að veruleg hættu sé á, að hann muni halda áfram brotum, á meðan málum hans er ólokið. Með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, eins og krafist er, til fimmtudagsins 29. september nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Unnar Sigurður Hansen, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 29. september nk. kl. 16.00.
